



## DEILISKIPULAG IÐNAÐARSVÆÐIS VIÐ VIÐLAGAFJÖRU

Breyting á deiliskipulagi

13.02.2026

Breytt 04.06.2026



**EFLA** VERKFRÆÐISTOFA

+354 412 6000 [efla@efla.is](mailto:efla@efla.is) [www.efla.is](http://www.efla.is)

## EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	6
1.1	Markmið og tilgangur	6
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	7
2.1	Framkvæmdarlýsing	7
2.2	Tengsl við aðrar áætlanir	10
2.2.1	Landsskipulagsstefna 2024 – 2038	10
2.2.2	Aðalskipulag Vestmannaeyja 2015-2035	10
2.3	Fornminjar	11
2.4	Verndarsvæði	11
2.5	Gróðurfar	12
2.6	Náttúruvá	12
2.7	Umferð	13
2.8	Vatnaáætlun Íslands 2022-2027	15
3	BREYTING Á DEILISKIPULAGI	16
3.1	Breyting	16
3.2	Breyting á uppdrætti	16
3.3	Breyting á greinargerð	17
4	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	27
4.1	Umhverfismat á áhrifum deiliskipulagsbreytingar	28
5	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	31
5.1	Skipulagsferlið	31
5.2	Breytingar eftir auglýsingu	31

Deiliskipulag þetta, sem kynnt og auglýst hefur verið samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar

þann \_\_\_\_\_

f.h. Vestmannaeyjabæjar

---

Skipulagslýsing var auglýst frá 13.10.2025 með athugasemdafresti til 14.11.2025.

Deiliskipulagstillagan var kynnt á vinnslustigi frá 02.12.2025 með athugasemdafresti til 06.01.2026.

Deiliskipulagstillagan var auglýst frá 09.04.2026 með athugasemdafresti til 21.05.2026.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_

#### **UPPLÝSINGAR**

##### **SKJALALYKILL**

113168-001-GRG-V07

##### **HÖFUNDUR**

Íris Stefánsdóttir, Margrét Róbertsdóttir, Hrafnhildur Brynjólfsdóttir

##### **RÝNT**

Dagný Hauksdóttir, Sigurður Smári Benjamínsson, Hrafnhildur Brynjólfsdóttir



## 1 INNGANGUR

Lögð er fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis í Viðlagafjöru sem samþykkt var í B-deild Stjórnartíðinda 23. janúar 2023.

Breytingin kemur til vegna fyrirhugaðrar stækkunar landeldisstöðvar Laxeyjar hf. Breytingin felur í sér fjölgun lóða og auknar byggingarheimildir, en samhliða breytingu deiliskipulagsins er unnin breyting á Aðalskipulagi Vestmannaeyjabæjar 2015-2035 þar sem iðnaðarsvæðið í Viðlagafjöru er stækkað, efnistökusvæði felld út og óbyggt svæði stækkað. Deiliskipulagssvæðið er minnkað til vesturs en þar er í vinnslu aðskilið deiliskipulag fyrir iðnaðarsvæði á hrauninu.

Tillagan er unnin samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Framkvæmdin sem deiliskipulagsbreytingin byggir á fellur undir mat á umhverfisáhrifum samkvæmt 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Í kjölfar áforma um stækkun landeldisstöðvar Laxeyjar ehf. hófst matsferli á umhverfisáhrifum og var matsáætlun kynnt vorið 2025.

### 1.1 Markmið og tilgangur

Markmið breytingarinnar er að tryggja samræmi milli fyrirhugaðrar stækkunar landeldisstöðvar Laxeyjar hf. og gildandi skipulagsáætlana. Helstu breytingar fela í sér stækkun athafnasvæðis stöðvarinnar með nýrri lóð til norðurs þar sem gert er ráð fyrir byggingar seiðaeldisstöðvar og auknar byggingarheimildir til að mæta áformum um aukna framleiðslugetu úr 11.500 tonnum í 42.000 tonn á ári.

Meginmarkmið framkvæmdarinnar er að skapa aukið rými fyrir landeldi á svæðinu og efla fiskeldi sem atvinnugrein í Vestmannaeyjum. Með stækkun landeldisstöðvarinnar verður unnt að ala laxaseiði og byggja upp öflugan iðnað tengdan fiskeldi, sem fellur vel að þekkingu og reynslu íbúa í Eyjum á sviði fiskvinnslu og útflutnings. Innviðir til þjónustu og flutninga eru þegar til staðar og styðja við frekari uppbyggingu.

Verkefnið mun skapa fjölda beinna starfa á svæðinu auk afleiddra starfa í tengdum greinum, sem styrkir atvinnulíf og byggð í Vestmannaeyjum.

## 2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Austan við þéttbýlið í Heimaey í Vestmannaeyjum eru lóðir Laxeyjar hf., Viðlagafjara 1 og Viðlagafjara 2, sem eru staðsettar í námu sem er í eldhrauni sem rann til sjávar árið 1973, og er aðkoma að svæðinu um Eldfellsveg. Þegar er hafin uppbygging og starfsemi landeldis á svæði sem er iðnaðarsvæði í aðalskipulagi. Til að geta aukið framleiðslu sína óskar fyrirtækið eftir heimild fyrir auknu byggingarmagni innan lóða, að afmörkun lóða sé uppfærð og bætt við nýrri lóð til norðvesturs fyrir byggingar sem gætu rúmað seiðaeldi. Í gildandi deiliskipulagi er ekki gert ráð fyrir seiðaeldisstöð í Viðlagafjöru. Svæðið þar sem ný lóð er áformuð er skilgreint efnistökusvæði og er að stórum hluta raskað, en með breytingu á aðalskipulagi verður efnistökusvæðið fellt út. Almennt er staðsetning stöðvarinnar hentug með tilliti til nálægðar við höfnina í Vestmannaeyjum auk þess sem svæðið er nokkuð langt frá byggð. Fyrirhuguð stækkun stöðvarinnar í Viðlagafjöru er að öllu leyti innan þess svæðis sem áður var hluti af skipulögðu efnistökusvæði.



**MYND 1.** Skipulagssvæðið í Viðlagafjöru.

### 2.1 Framkvæmdarlýsing

Hér er gefið stutt yfirlit yfir framkvæmdina, en mun ítarlegri umfjöllun er í umhverfismati framkvæmdarinnar, sem verður til kynningar á sama tíma og skipulagstillögur.

Sjávarhiti við Vestmannaeyjar er mjög hagstæður sem er mikilvægt upp á góðan vaxtarhraða í landeldi. Stöðin notast við svokallað gegnumstreymiskerfi þar sem hreinum sjó er dælt upp í gegnum stöðina og hreinsaður áður en honum er skilað aftur til sjávar. Laxey hefur gert samning um kaup á endurnýjanlegri raforku frá Landsvirkjun. Laxey kaupir uppruna ábyrgðir fyrir raforkunotkuninni og því er um að ræða grænan raforkusölusamning. Gert er ráð fyrir að eldið fullbyggt muni vera með 48

eldisker og minni ker í húsum, en fjöldi þeirra getur breyst. Nú þegar eru komin ker í rekstur og eru þau, sem og áformuð ker, steinsteypt með steinsteyptum botni.

Meðfylgjandi mynd sýnir áform Laxeyjar um uppbyggingu í Viðlagafjöru sem lögð eru til grundvallar breytingu á deiliskipulagi og aðalskipulagi. Staðsetning mannvirkja er ekki fastsett og er sýnd til skýringa.



**MYND 2.** Afstöðumynd sem sýnir áform um landeldi í Viðlagafjöru, tillögu framkvæmdaraðila.

Á myndinni er snið A, sem sýnir mannvirki og hæð þeirra á plani í Viðlagafjöru og á stalli ofan hennar til norðvesturs á lóð 3. Gert er ráð fyrir jarðvegsmön milli lóðar 3 og aðkomuvegar til að draga úr ásýndaráhrifum. Þrjár lóðir eru skilgreindar í deiliskipulagi og brimvarnargarður framundan þeim til norðvesturs með tveimur útrásum.

Áætlað er að reisa seiðaðisstöð á nýrri lóð til norðvesturs en stöðin verður áþekkt seiðastöð félagsins, sem er nú þegar starfrækt í Friðarhöfn í Vestmannaeyjum. Notast verður við hámarks endurnýtingu á ferskvatni en félagið hyggst framleiða eigið vatn úr sjó með RO-síum fyrir öll fiskeldiskerfin. Til skoðunar er að nota bæjarvatnið á hrognakerfi þar sem hrogn klekjast út en einnig eru skoðaðir möguleikar á endurnýtingu á vatni frá stöðinni sjálfri. Seiðin eru alin í seiðastöðinni upp í 100 g stærð áður en þau eru smoltuð (umbreytt í sjógönguseiði) og flutt yfir í áframeldisstöðina. Miðað er við framleiðslu á 4-6 milljónir seiða á ári og með 800 tonna hámarks lífmassa.

Unnin hefur verið mynd sem sýnir framkvæmdirnar í þrívíðu umhverfi og sýnir dæmi um mögulega útfærslu á lóð. Myndin er í vinnslu og verður þróuð frekar.



**MYND 3.** Viðlagafjara, dæmi um ásýnd mannvirkja sett fram í þrívíðu umhverfi. Drög til þróunar.

Við fullan rekstur er gert ráð fyrir 74 borholum. Þegar hafa verið boraðar um 15 borholur, 24-130 m djúpar og 28 tommur í þvermál. Áætluð þörf jarðsjávar, miðað við fulla vinnslu, er um 28.000 l/sek (28 m<sup>3</sup>/sek). Gert er ráð fyrir um 75% endurnýtingu vatns. Þekkt er að ferskvatn er af skornum skammti í Vestmannaeyjum og áformar Laxey að framleiða sitt eigið ferskvatn. Jarðsjó verður þá breytt í ferskt vatn og er áætlað að ferskvatn verði geymt í ferskvatnstanki. Áætlað er að ferskvatnsframleiðsla stöðvarinnar verði um 500-800 m<sup>3</sup>/dag. Ferskvatnið verður nýtt til hreinsa tromlusíur, notað í vinnsluferla í laxvinnslu og fyrir þrif á starfsmannaaðstöðu. Í dag fær félagið ferskvatn frá HS Veitum til hrogna og í smáseiðaframleiðslu og mun umframvatn frá veitum vera nýtt áfram, eins og kostur er.

Úrgangsefni sem myndast eru annars vegar fódurleifar og hins vegar úrgangur frá fiskinum (seyra). Að jafnaði myndast um 100 g af þurrkuðum úrgangsefnum fyrir hvert kg af fódurnotkun. Laxamykju þarf stöðugt að fjarlægja úr kerjum og verður það gert með tromlufilterum sem hreinsa hringrásarvatn eldiskerjanna. Þessi úrgangur er að mestu hreinsaður í hreinsistöð þar sem til verður laxamykja með um 10% þurrefni. Ítarlegri umfjöllun um vatnsnotkun, frárennsli og fleiri þætti framkvæmdarinnar eru í greinargerð umhverfismats framkvæmdarinnar.

## 2.2 Tengsl við aðrar áætlanir

### 2.2.1 Landsskipulagsstefna 2024 – 2038

Landsskipulagsstefna er unnin á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010. Samkvæmt 4. mgr. 10. gr. sömu laga skulu sveitarfélög taka mið af henni við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim. Við skipulagsbreytingar í Viðlagafjöru er litið til eftirfarandi áherslna í landsskipulagsstefnu:

- A.7 um að skipulag miði að því að uppbygging og landnotkun falli sem best að heildarsvipmóti lands. Skipulagsákvæðanir um staðsetningu og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af byggingarhefðum, landslagi og staðhättum þar sem m.a. er hugað að kennileitum, sjónlínnum og útsýni.
- B.10 um að við skipulagsgerð verði heilnæmt umhverfi í dreifbýli tryggt með viðeigandi ráðstöfunum varðandi m.a. vatnsveitu, fráveitu og úrgangsmeðhöndlun.
- C.4. um að skipulag stuðli að sjálfbærri nýtingu vatns.

Við afmörkun lóða og staðsetningu mannvirkja/byggingarreita var horft í landslagið og hvernig nýta mætti náttúrulegt landslag og jarðvegsmanir til að draga úr ásýndaráhrifum vegna stækkunarinnar, með áherslu á nálæga útsýnisstaði. Tveir áningarstaðir eru við aðkomu að svæðinu úr norðri sem litið var til. Ráðstafanir vegna vatnsveitu, fráveitu, úrgangsmeðhöndlunar og nýtingar vatns nefndar í deiliskipulagi og en fjallað er um þær með ítarlegri hætti í umhverfismati framkvæmdarinnar. Hugað er að því að halda raski í lágmarki eins og kostur er. Hugað er að því að uppbygging taki mið af landslagi og hugað að heilnæmu umhverfi með ráðstöfunum varðandi fráveitu og úrgang. Stuðlað er að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar og að sjálfbærni verði tryggð varðandi nýtingu vatns.


### 2.2.2 Aðalskipulag Vestmannaeyja 2015-2035

Í gildi er Aðalskipulag Vestmannaeyja 2015 – 2035. Í aðalskipulaginu er heimilt að vera með blandaða iðnaðarstarfsemi í Viðlagafjöru s.s. fiskeldi og aðra lítt mengandi iðnaðarstarfsemi sem samræmist aðliggjandi landnotkun.

Skilmálar í breyttu deiliskipulagi munu tryggja eftirfarandi:

- Að skering hafi ekki áhrif á landslag aðlægs hverfisverndarsvæðis HV-6.
- Að aðgengi vegfarenda um gönguleiðir og að fjöruborði Viðlagafjöru skal tryggt.
- Færsla á efni er leyfileg innan svæðisins og það efni sem til fellur vegna undirbúnings fyrir framkvæmdir verður haugsett innan svæðisins.
- Gert er ráð fyrir plani í 6-9 metra hæð yfir meðalsjárstöðu og að hámarkshæð mannvirkja fari ekki upp fyrir 15 metra ofan við planið.

Samhliða deiliskipulagsbreytingu þessari er gerð breyting á uppdrætti og greinargerð aðalskipulagsins. Áætlað er að stækka iðnaðarsvæði I3 í Viðlagafjöru til norðurs yfir meiri hluta þess svæðis sem efnistökusvæði E1 nær yfir í dag, en hluti þess svæðis verður óbyggt svæði eftir breytingu. Nánar er gerð grein fyrir breytingu aðalskipulags í tillögu sem er kynnt samhliða kynningu á breytingu á deiliskipulagi.



**MYND 4.** Gildandi aðalskipulag til vinstri og tillaga að breytingu til hægri. Iðnaðarsvæði er táknað með dökk gráum lit og efnistökusvæði með rauðum lit.

Breyting á aðalskipulagi er í samræmi við meginmarkmið í gildandi aðalskipulagi um að Vestmannaeyjar séu öflugt atvinnusvæði þar sem sjávarútvegurinn er meginstoðin. Lögð er áhersla á öfluga útgerð og fiskvinnslu. Aðstaða þessara greina í landi og í höfn verði eins og best getur orðið á hverjum tíma. Lóðir fyrir þessa starfsemi verði tiltækar eins og kostur er innan hafnarsvæðis.

### 2.3 Fornminjar

Engar þekktar fornminjar eru innan skipulagssvæðisins.

Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar svo fljótt sem auðið er skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar er 15 m skv. 22. gr. laganna.

### 2.4 Verndarsvæði

Svæðið sem breytingin nær til er á svæði nr. 723 sem er á náttúruminjaskrá; Helgafell og Eldfell. Svæðinu er lýst sem svo í Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035:

*„Eldfjöllin bæði, hluti af nýja hrauninu og Flakkarinn við Skans. Norðurmörk liggja frá Prestavík með suðurjaðri athafnasvæðis hitaveitunnar, vestur fyrir fellin og til sjávar við Skarfatanga. Stórfenglegt landslag og fræðandi um myndun og mótun lands.“*

Innan svæðis á náttúruminjaskrá hafa svæði verið hverfisvernduð sem njóta sérstöðu vegna jarðmyndana og jarðminja, og eru með mikilvægt aðdráttarafli fyrir ferðmenn, auk þess að hafa mikið verndargildi. Víða eru gönguleiðir og akstursleiðir um þessi svæði en mikilvægt er að stilla öllum framkvæmdum í hóf. Fyrir hverfisverndað svæði við Urðarvita HV-27 gildir að önnur mannvirkjagerð en vegna vitans er óheimil á svæðinu. Fyrir hverfisverndað svæði við Þorbjörn HV-6 gildir að ekki má spilla jarðmyndunum á því svæði með mannvirkjagerð og umgengni. Afmarkaðar lóðir í deiliskipulagi eru utan hverfisverndaðra svæða. Svæðið þar sem lóðir eru afmarkaðar hefur meira og minna öllu verið raskað og þar eru engar jarðmyndanir sem teljast sérstæðar.

Skipulagssvæðið er á eldhrauni sem rann árið 1973. Eldhraunið, sem rann á nútíma nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun, meðal annars jarðminja og fugla. Tillögurnar hafa ekki enn hlotið málsmeðferð en Vestmannaeyjar eru á tillögu NÍ fyrir B-hluta náttúruminjaskrár.

## 2.5 Gróðurfar

Vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar Íslands skilgreinir vistgerðir svæðisins sem L6.1 Eyðihraunsvist en slík vistgerð þykir oft gróðurlítill og verndargildi talið lágt. Þar sem svæðið er að stórum hluta nú þegar raskað vegna efnistöku má áætla að sú litla gróðurþekja sem fyrir var sé nú að mestu farin.

## 2.6 Náttúruvá

Náttúruvá í Vestmannaeyjum er helst vegna óveðurs, sjávarflóða, landbrots og jarðskjálfta en ekki er hægt að útiloka að eldgos verði í Vestmannaeyjum.

Skipulag þarf að taka mið af þeirri áhættu sem stafar af óveðri og jarðskjálftum, bæði við hönnun mannvirkja og staðsetningu þeirra. Viðlagafjara stendur þó í skjóli frá vestan- og norðanáttum, en óveður getur haft áhrif á samgöngur og aðgengi að svæðinu.

Algengustu vindáttir í Vestmannaeyjum eru suðlægar og austlægar áttir og mælist oft ofsarok í Vestmannaeyjum. Slæmt veður hefur oft áhrif á samgöngur í Eyjum, flugsamgöngur eru háðar óvissu og reglulega er nauðsynlegt að sigla lengri sjóðleiðina til Þorlákshafnar. Algengt er að lausamunir, t.d. fiskikör, fjúki í stórviðrum.

Landbrot, setflutningar og rof með strönd Vestmannaeyja er síbreytilegt. Mikið landbrot hefur átt sér stað á Urðum, hrauninu milli Viðlagafjöru og Prestvíkur, frá því að hraunið rann í sjó fram árið 1973. Gróft mat á þessu landbroti á 50 árum frá goslokum í stefnu austur-vestur er um 110-150 m. Hluti þessa niðurbrots hefur síðan hlaðist upp í Viðlagavíkinni, þannig að hún hefur vaxið á tímabilinu. Viðlagafjara er því mynduð af uppsöfnuðu seti og með tímanum myndaðist grjótgarður við ströndina sem varði það land sem myndaðist. Strandlína Viðlagafjöru hefur verið áþekkt síðustu 10 ár og eftir að uppbygging eldis hófst þar hefur verið bætt í grjótgarðinn, í samræmi við ákvæði deiliskipulags. Skv. gildandi deiliskipulagi var áformað að bæta í garðinn frá fjörunni og hefur það verið gert. Nýtt deiliskipulag gerir ekki ráð fyrir breytingum á strandlínu eða staðsetningu grjótgarðs.

Frá því að Urðarviti var fyrst endurreistur eftir gosið hefur tvívegis brotnað undan honum, en núverandi viti frá árinu 1986 stendur enn. Orsök þessa landbrots er há alda, en fá strandsvæði í heiminum glíma við eins háa öldu og Suðurströnd Íslands, Vestmannaeyjar þar með taldar. Dregið hefur úr þessu landbroti seinni árin. Í umsögn sinni við skipulagslýsingu benti Vegagerðin á að frekara landbrot nyrst á Urðunum næst Viðlagafjöru getur haft áhrif á stöðugleika austasta hluta fjörunnar.

Stærstu jarðskjálftar sem fundist hafa í Eyjum eiga upptök sín á Suðurlandsundirlendi. Líklegast er að Vestmannaeyjum stafi hætta af skjálftum sem ná yfir 4,5 stig. Helsta hættan í kjölfar slíkra skjálfta er hrun í Norðurklettum og úr hömrum og klettum við strandlengjuna og á úteyjum.

Gostíðni er talin vera lág á eldstöðvakerfi Vestmannaeyja, samanborið við virkustu kerfi landsins. Ekki er hægt að útiloka að gos verði á Heimaey og gæti fiskeldisstöðvunum stafað hættu af slíku gosi. Miðað við þann tíma sem hefur orðið milli eldsumbrota í Vestmannaeyjaklasanum verður þó að teljast ólíklegt að á líftíma fiskeldisins verði eldgos sem eldinu stafar hættu af.

Svæðin við höfnina eru helstu hættusvæði sjávarflóða og þá helst í stórstraumi og áhlaðanda. Áhlaðandi er frávik (hækkun eða lækkun) frá meðalsjávarborði vegna loftþrýstings eða vinds. Viðlagafjara er staðsett norð-austanmegin á Eyjunni og því í nokkru skjóli fyrir haföldum frá Íslandi í norðri og Heimaey til vesturs. Eingöngu suð- og austlægar áttir geta valdið miklu brimi við Viðlagafjöru.

Vegagerðin hefur farið yfir gögn sem liggja til grundvallar viðmiðunarreglum um lágmarks land- og gólfhæð á lágsvæðum við strendur fyrir Viðlagafjöru. Fyrir almennt skipulag miða viðmiðunarreglurnar við 100 ára líftíma mannvirkja og skipulags. Þá er tekið mið af áætlaðri afstöðubreytingu lands og sjávar næstu 100 árin. Vegagerðin bendir á að æskilegt sé að gólfkóti sé alltaf 30 cm fyrir ofan landhæð þannig að flóðavatn renni ekki beint inn í byggingar. Af sömu ástæðu ætti öll aðkoma að kjallara bygginga að uppfylla kröfur Vegagerðarinnar um lágmarks gólfhæð. Í breyttu deiliskipulagi er miðað við að land verði í um 6-9 m hæð yfir sjávarmáli, á þeim hluta lóða sem eru næst ströndinni til að mannvirki standi betur gagnvart sjávarflóðum.

 <b>Viðmiðunarreglur Vegagerðarinnar fyrir lágmarks land- og gólfhæð á lágsvæðum við strendur vegna jarðskorpu-hreyfinga og sjávarstöðu hækkana næstu 100 árin</b>				Vegagerðin 2025-11-04
Vestmannaeyjar - Viðlagafjara	Hafnarkerfi	Hæðarkerfi Vestmannaeyja	Landmælingar meðalsjávarhæð	
	HK (m)	BK (m)	ISH2004 (m)	
Hæðarmismunur við Hafnarkerfi	0.00	-1.57	-1.53	
Flóðhæð með 100 ára endurkomutíma	3.72	2.15	2.19	
Sviðsm. SSP5-8.5, 83% óvissumörk-vísindanefnd 2023	0.75	0.75	0.75	
Breytingar á landhæð umfram vísindanefnd	0.10	0.10	0.10	
Lágmarks landhæð á lágsvæðum við strönd	4.57	3.00	3.04	
Gólfhæð yfir lágmarks landhæð	0.30	0.30	0.30	
Lágmarks gólfhæð án ölduáhrifa	4.87	3.30	3.34	

**MYND 5.** Viðmiðunarreglur Vegagerðarinnar um lágmarks land- og gólfhæð á lágsvæðum við strendur fyrir Viðlagafjöru.

## 2.7 Umferð

Ný uppbygging verður á tveimur svæðum. Aðalkomuvegur að svæðinu er úr suðri við Urðarvita, og þangað verður beint allri þungaumferð á leið í landeldið í Viðlagafjöru um nýendurnýjaðan veg sem tengist Eldfellsveg. Aðkoma að norðan verður aðkoma fyrir nýja seiðaeldisstöð.



**MYND 5.** Ný uppbyggingarsvæði og aðal aðkoma að svæðinu til suðurs.

Vegur úr suðvestri var byggður árið 2024. Vegurinn er með styrktu burðarlagi sem hæfir vel umferð til og frá eldisstöðinni. Aðkoman úr suðvestri við Urðarvita er aðalaðkoman að landeldinu í Viðlagafjöru. Gamli vegurinn sem liggur að svæðinu úr norðri verður endurgerður, styrktur þ.a. hann geti þjónað þeirri umferð sem fylgir starfsemi. Hann mun þjóna nýrri lóð fyrir seiðaeldisstöð suðvestur af Viðlagafjöru, en verður ekki fyrir þungaumferð að landeldinu. Samráð verður haft við Vegagerðina og Vestmannaeyjabæ varðandi framkvæmdir. Gert er ráð fyrir stíg fyrir gangandi og hjólandi við báða aðkomuvegi.

Vegur liggur í dag niður í Viðlagafjöru að norðan og hefur verið lengi. Þar verður aðkoma að Seiðaeldisstöðinni en legu vegarins sem liggur áfram niður í Viðlagafjöru verður breytt og er áætlað að hann verði eingöngu vegtenging innan lóðar og ekki fyrir almenna umferð. Hans hlutverk er að vera öryggistenging upp úr fjörunni til norðurs, til að tvær leiðir séu til staðar.

Gera þarf ráð fyrir nokkurri umferð tengdri starfsemi framkvæmdarinnar, bæði umferð starfsfólks í fullbyggðri stöð og vörubílum sem ferja fóður, sækja lax, námuvinnslubílum-/véllum tengdum efnistöku og fleiru. Mest verður umferðin frá landeldinu í Viðlagafjöru og beinustu leið niður til hafnar. Búast má við aukinni umferð um Strandveg þar sem sú leið liggur út á Eiði þar sem gámaflutningar eru auk leiðar í Herjólf.


**TAFLA 2.1** Áætluð umferð með tilkomu fiskeldisstöðvar.

HLUTVERK	ÁÆTLUÐ UMFERÐ Á ÁRI	ÁDU
Fóðurflutningar/laxamykja*	2450 vörubílsfarmor	6,7
Umbúðaflutningar/afurðir*	1770 vörubílsfarmor	4,85
Kranabílar og þjónusta vegna viðgerða til og frá	210 bílar	0,6
Starfsmenn, 70-90	45.900 bílar	126

\*Samnýting ferða er möguleg, t.d. þegar afurðir eru fluttar frá svæðinu þá eru umbúðir fluttar að svæðinu. ÁDU er ársumferð/365.

Umferð starfsfólks er áætluð út frá 70-90 starfsmönnum á ársgrundvelli og að hver starfsmaður fari 1 ferð fram og til baka til vinnu á dag í 255 daga á ári, sem eru 45.900 ferðir ((90x2)x255). Ekki eru allir starfsmenn starfandi alla daga ársins.

Heildarumferð frá starfsemi fiskeldisins er áætluð 138 ÁDU þar af 12 vegna þungaumferðar. Hluti þessarar umferðaraukningar er nú þegar komin fram, bæði vegna starfsemi fiskeldisins sem er nú þegar í Viðlagafjöru, og vegna vinnu við uppbyggingu landeldisins. Samkvæmt upplýsingum á vef Vegagerðarinnar, <https://umferd.vegagerdin.is/>, er áætlað að umferð árið 2024 um Eldfellsveg næst Viðlagafjöru sé ÁDU 560. Nokkur munur er á umferð yfir sumarið (SDU 970) og veturinn (VDU 220).



**MYND 6.** Skjáskot af vef Vegagerðarinnar <https://umferd.vegagerdin.is/> sem sýnir ÁDU um Eldfellsveg árið 2024. Viðbótarumferð vegna landeldis er áætluð ÁDU +138, en hluti þeirrar umferðaraukningar er nú þegar kominn fram.

## 2.8 Vatnaáætlun Íslands 2022-2027

Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest árið 2022 á grundvelli laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Lögunum er ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Skulu opinberar áætlanir stjórnvalda, s.s. vegna skipulagsmála, vera í samræmi við stefnumörkun um vatnsvernd sem kemur fram í vatnaáætlun.

Skipulagssvæðið er innan grunnvatnshlotsins Eldfell nr. 103-242-G. Núverandi ástand grunnvatnshlotsins er sú að magnstaða og efnafræðilegt ástand er óþekkt en umhverfismarkmið grunnvatnshlotsins er að tryggja góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Áætluð vatnspörf framkvæmdar er um 28 m<sup>3</sup>/sek og er vatnshlotið er um 8,9 km<sup>2</sup> að stærð.

Viðtaki fráveituvatns frá fiskeldinu er strandsjávarvatnshlot með vatnshlotsnúmer 103-1342-C og ber heitið Dyrhólaey að Þorlákshöfn. Metið er að staðbundið álag sé á viðtakanum vegna losunarfráveituvatns frá skólphreinsistöð bæjarins (15.000 þe), þriggja fiskvinnsla auk tveggja fiskimjölsverksmiðja. Áætlað flatarmál strandsjávarvatnshlotsins er um 4.311 km<sup>2</sup>.

Fyrir stækkun fiskeldisins í Viðlagafjöru þarf að fjalla um áhrif á grunnvatnshlot og strandsjávarflot. Í samræmi við nákvæmni áætlaða og stöðu þeirra í stigskiptri áætlanagerð er það gert í deiliskipulagi og með ítarlegri hætti í umhverfismati stækkunar framkvæmdarinnar<sup>1</sup>.

## 3 BREYTING Á DEILISKIPULAGI

### 3.1 Breyting

Breyting er gerð bæði á uppdrætti og greinargerð. Settir eru fram þeir kaflar sem breytast eða falla út. Nýjum köflum er bætt við auk undirkafla.

Breyting deiliskipulags felur í sér að deiliskipulagssvæðið er minnkað, athafnasvæði fiskeldisins er stækkað, lóðum er fjölgað og byggingarheimildir auknar vegna aukinnar framleiðslu landeldisstöðvar.

Áfram verður gert ráð fyrir að efnistaka innan svæðis sé heimil á meðan lóðirnar eru gerðar tilbúnar til uppbyggingar. Skilmálar verða óbreyttir um að samræma skuli útlit samtengdra bygginga, draga úr sjónrænum áhrifum með efnisvali og samræmdri litanotkun og raski haldið í lágmarki. Bögglabergi og öðru nýtilegu efni sem fellur til skal halda til haga.

### 3.2 Breyting á uppdrætti

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á uppdrætti:

- Deiliskipulagssvæðið er minnkað um 10 ha til vesturs. Stærð skipulagssvæðisins eftir breytingu er um 39 ha.
- Lóð Viðlagafjöru 1 stækkar úr 9,09 ha í 11,3 ha.
- Lóð Viðlagafjöru 2 stækkar úr 4,04 ha í 5,9 ha.
- Lóð Viðlagafjöru 3 er bætt inn á uppdrátt, 2,7 ha.
- Afmörkun byggingarreita er breytt auk þess sem þremur nýjum byggingarreitum er bætt við.
- Gert er ráð fyrir nýjum mönum við Eldfellsveg norðan og vestan við lóð 3.
- Staðsetningu hreinsivirkja er bætt inn á uppdrátt.
- Kvaðir um lagnaleið vegna frárennslis til sjávar.
- Innan byggingarreita er sýnd möguleg staðsetning nýrra bygginga.
- Aðkoma að lóðum er breytt og aðalaðkoman að svæðinu er að sunnanverðu nálægt Urðarvita.
- Aðkomuvegur að norðvestan ofan í Viðlagafjöru er í breyttri legu og innan lóðar.
- Leiðbeinandi staðsetningu fyrir hlið inn á athafnasvæðið í Viðlagafjöru er bætt inn á uppdrátt.
- Leiðbeinandi staðsetningu fyrir aðkomuveg og bílastæði við Urðarvita verður bætt við.
- Nýjum áningarstað/útsýnisstað auk bílastæða er bætt við austan við núverandi útsýnisstað.

<sup>1</sup> Sjá <https://skipulagsgatt.is/issues/2025/486>

- Göngu- og hjólaleiðum bætt á uppdrátt.

### 3.3 Breyting á greinargerð

Eftirfarandi kaflar breytast í greinargerð. Umfjöllun sem er felld út er yfirstrikuð en viðbætur sýndar undirstrikaðar.

## 2 Skilmálar

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á kafla 2.1. Almenn atriði:

GREINARGERÐ FYRIR BREYTINGU	BREYTTIR SKILMÁLAR
<b>2.1 Almenn atriði</b>	<b>2.1 Almenn atriði</b>
Innan deiliskipulagssvæðisins er gert ráð fyrir fiskeldi og haugsetningu á tveimur lóðum, Viðlagafjöru 1 og 2, á iðnaðarsvæðinu auk efnisnáms sbr. meðfylgjandi deiliskipulagsuppdrátt. Einnig er lagður vegur að svæðinu sunnanverðu gegnum athafnasvæði AT-2, um leið og aðgengi verður lokað fyrir almenna umferð þvert gegnum Viðlagafjöru. Vegurinn verður aðal samgönguæðin að iðnaðarsvæðinu, svo að Urðarvita.	Innan deiliskipulagssvæðisins er gert ráð fyrir fiskeldi og haugsetningu á þremur lóðum, Viðlagafjöru 1, 2 og 3 auk efnistöku á svæðinu þar til lóðir verða tilbúnar til uppbyggingar. Vegur liggur að svæðinu sunnanverðu að lóðum Viðlagafjöru og að Urðarvita. Vegurinn er aðal aðkoman að iðnaðarsvæðinu. Aðgengi verður lokað fyrir almenna umferð um lóðir í Viðlagafjöru.
<b>2.1.1 Ný vegtenging frá AT-2 að I-3</b>	<b>2.1.1 Ný vegtenging</b>
Nýr vegur verður lagður að svæðinu frá AT-2 í suðri að mestu í vegslóða sem fyrir er og sést á mynd 2.1. Vegurinn verður lagður þannig að hann falli sem best að landinu. Samhliða honum verður lagður 1,5 - 2 m breiður sameiginlegur hjóla- og göngustígur í vegöxl eða til hliðar við veginn.	Nýr vegur hefur verið lagður vestan við Þorbjörn og niður í Viðlagafjöru með aðkomu að Urðarvita og lóðum í Viðlagafjöru sem eru athafnasvæði fiskeldisins. Samhliða honum verður lagður 1,5 - 2 m breiður sameiginlegur hjóla- og göngustígur í vegöxl eða til hliðar við veginn. Lega vega, hjóla- og gönguleiða getur breyst lítillega við nánari hönnun og krefst slíkt ekki breytingar á skipulagi. Burðarþol aðkomuvegar þarf að vera a.m.k. 32 tonn til að slökkvibílar og önnur stærri farartæki komist að og frá svæðinu.
<b>2.1.2 Lóð 1: Viðlagafjara 1</b>	<b>2.1.2 Lóð 1: Viðlagafjara 1</b>
Lóðin fyrir fiskeldisstöðina er 9,93 ha og skiptist upp í 2 byggingarreiti; stöðvarhús (B-1) og tanksvæði (B-2). Mynd 1.6 gefur hugmynd um fyrirkomulag mannvirkja. Aðkoma inn á lóðina er að sunnanverðu frá AT-2 um nýju vegtenginguna. Gert er ráð fyrir að á stærstum hluta lóðarinnar verði land að jafnaði í um 4–6 m hæð yfir sjávarmáli. Efni verður skorið úr brekkunni suðvestan í lóðinni sbr. mynd 1.4 og land hækkað nær sjó. Þar sem byggingar munu sjást nokkuð vel víða að sbr. meðfylgjandi umhverfismatsskýrslu er mikilvægt að vel sé hugað að ásýnd starfseminnar við hönnun, uppbyggingu og rekstur og áhersla lögð á að draga úr sjónrænum áhrifum bygginga og mannvirkja á lóðinni eins og kostur er. Það verði gert með hönnun, lita- og efnisvali á byggingum og mannvirkjum. Settir eru skilmálar um ásýnd, umgengni og frágang innan lóða, á lóðarmörkum og bæjarlandi. Útbúa þarf nýtingaráætlun fyrir færslu efnis innan lóðar sem taki mið af nýtingaráætlun efnis fyrir lóð 2. Undirbúningur fylgi nýtingaráætlun fyrir efnisnámið.	Lóðin fyrir fiskeldisstöðina er 11,3 ha og skiptist upp í 3 byggingarreiti B1, B2 og B3, þar sem gert er ráð fyrir tönkum, sláturhúsi, skrifstofum og þjónustubyggingum. Stærð bygginga á lóðinni geta verið allt að 71.000 m <sup>2</sup> . Aðkoma að lóðinni er um aðliggjandi lóðir. Lega vega innan lóðar eru sýnd til skýringa. Gert er ráð fyrir að á stærstum hluta lóðarinnar verði land í um 6–9 m hæð yfir sjávarmáli. Efni verður skorið úr brekkunni suðvestan í lóðinni sbr. mynd 1.4 og land hækkað nær sjó. Þar sem byggingar munu sjást nokkuð vel víða að sbr. meðfylgjandi umhverfismatsskýrslu er mikilvægt að vel sé hugað að ásýnd starfseminnar við hönnun, uppbyggingu og rekstur og áhersla lögð á að draga úr sjónrænum áhrifum bygginga og mannvirkja á lóðinni eins og kostur er. Það verði gert með hönnun, lita- og efnisvali á byggingum og mannvirkjum. Gæta þarf að áhrifum uppbyggingar á leiðarmerki Urðarvita. Settir eru skilmálar um ásýnd, umgengni og frágang innan lóða, á lóðarmörkum og bæjarlandi. Útbúa þarf nýtingaráætlun fyrir færslu efnis innan lóðar sem taki mið af nýtingaráætlun efnis fyrir lóð 2. Undirbúningur fylgi nýtingaráætlun fyrir efnisnámið.

<p><b>2.1.3 Lóð 2: Viðlagafjara 2</b></p> <p>Lóðin er fyrirhuguð iðnaðarlóð, en óvíst er hvaða starfsemi muni verða á lóðinni til frambúðar. Lóðin er um 4 ha. Þar mun verða efnisnám til að undirbúa lóðina fyrir iðnaðarnotkun en hún verður einnig nýtt fyrir haugsetningu umframefnis til undirbúnings framkvæmda á lóð 1. Settir eru skilmálar um ásýnd, góða umgengni og frágang innan lóðar, við lóðarmörk og á bæjarlandi. Útbúa þarf nýtingaráætlun fyrir efnistöku og haugsetningu sbr. reglugerð um framkvæmdarleyfi nr. 772/2012. Efnistaka og haugsetning á lóð fylgi nýtingaráætlun fyrir lóðina.</p>	<p><b>2.1.3 Lóð 2: Viðlagafjara 2</b></p> <p>Lóðin er 5,9 ha og á henni er einn byggingarreitur B-4. Gert er ráð fyrir fiskeldisstarfsemi í allt að 16 kerjum. Stærð bygginga á lóðinni geta verið allt að 25.000 m<sup>2</sup>. Settir eru skilmálar um ásýnd, góða umgengni og frágang innan lóðar, við lóðarmörk og á bæjarlandi. Aðalaðkoma að lóðinni er um Eldfellsveg að norðan í gegnum lóð Viðlagafjöru 1 og að sunnanverðu um nýja vegtengingu en einnig verður hægt að komast að lóðinni um lóðir 1 og 3. Lega vega innan lóðar eru sýndir til skýringa.</p> <p>Gert er ráð fyrir að á stærstum hluta lóðarinnar verði land í um 8–15 m hæð yfir sjávarmáli. Landhæð lóðar hækkar til suðurs.</p> <p>Á lóðinni verður efnisnám til að undirbúa lóðina fyrir iðnaðarnotkun en hún verður einnig nýtt fyrir haugsetningu umframefnis til undirbúnings framkvæmda. Útbúa þarf nýtingaráætlun fyrir efnistöku og haugsetningu sbr. reglugerð um framkvæmdarleyfi nr. 772/2012. Efnistaka og haugsetning á lóð fylgi nýtingaráætlun fyrir lóðina.</p>
	<p><b>2.1.4 Lóð 3: Viðlagafjara 3</b></p> <p>Lóðin er 2,7 ha og á henni er einn byggingarreitur B-5. Gert er ráð fiskeldisstarfsemi á lóðinni. Stærð bygginga getur verið allt að 15.000 m<sup>2</sup>. Aðkoma að lóðinni er um Eldfellsveg að norðan og að sunnanverðu um lóðir Viðlagafjöru 1 og 2. Gert er ráð fyrir að á stærstum hluta lóðarinnar verði land í um 20-35 m hæð yfir sjávarmáli.</p> <p>Þar sem byggingar munu sjást nokkuð vel víða að sbr. meðfylgjandi umhverfismatsskýrslu er mikilvægt að vel sé hugað að ásýnd starfseminnar við hönnun, uppbyggingu og rekstur og áhersla lögð á að draga úr sjónrænum áhrifum bygginga og mannvirkja á lóðinni eins og kostur er. Það verði gert með hönnun, lita- og efnisvali á byggingum og mannvirkjum.</p> <p>Gert er ráð fyrir mön á og við lóðarmörk til norð-vesturs sem byrgir sýn frá vegi og frá áningarstöðum.</p>
<p><b>2.1.4 Svæði fyrir efnistöku (reitir E-1 í aðalskipulagi)</b></p> <p>Starfsemi sandvinnslu er sjálfbær þar sem efni bætist við frá sjónum. Vinnslan mun verða starfrækt með sama hætti og nú er og byggja á heimildum í aðalskipulagi fyrir efnistöku. Einnig er efnistökusvæði vestan við sandnámið og var það svæði stækkað í gildandi aðalskipulagi. Við efnistökkuna þarf að gæta að sjónrænum áhrifum úr vestri þar sem ekið er eftir Eldfellsvegi og frá áningarstað fyrir ferðamenn. Miðað skal við að efni sé unnið austan úr hólnum. Útbúa þarf nýtingaráætlun um efnistöku fyrir efnistökusvæðið sbr. reglugerð um framkvæmdarleyfi nr. 772/2012. Þar komi m.a. fram hvernig ætlað er að vinna efni á svæðinu, svo og frágangur á mönnum á meðan á vinnslu stendur á hvernig gengið verður endanlega frá svæðinu.</p>	<p>Kafli 2.1.4 er felldur út.</p>
<p><b>2.1.5 Útsýnisstaður</b></p> <p>Gert er ráð fyrir útsýnisstað við enda Eldfellsvegar, með bílastæði, áningarstað, fræðsluskiltum o.þ.h.</p>	<p><b>2.1.5 Áningarstaðir</b></p> <p>Gert er ráð fyrir tveimur áningarstöðum norðan við svæðið með bílastæði, fræðsluskiltum o.þ.h. Báðir eru góðir útsýnisstaðir.</p> <p>Gert er ráð fyrir áningarstað með bílastæðum við að aðkomu að Urðarvita.</p>

<b>2.1.3 Lóð 2: Viðlagafjara 2</b>	<b>2.1.3 Lóð 2: Viðlagafjara 2</b>
<b>2.1.6 Mön</b>	
Gert er ráð fyrir mön innan efnistökusvæðisins sem byrgir sýn að hluta útsýnisstað að iðnaðarsvæðinu.	Kafli felldur niður og ákvæði um mön eru í skilmálum fyrir lóð 3.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á kafla 2.2. Almennir skilmálar. Umfjöllun sem er felld út er yfirstrikuð en viðbætur sýndar undirstrikaðar. Þar sem ekki er gerð breyting eru kaflar birtir til að samhengi sé ljóst.

GREINARGERÐ FYRIR BREYTINGU	BREYTTIR SKILMÁLAR
<p><b>2.2. Almennir skilmálar</b></p> <p>Almennir skilmálar gilda um allar lóðir, reiti og almenningsrými innan deiliskipulagssvæðisins. Í þeim tilvikum sem sérskilmálar víkja frá almennum skilmálum, þá gilda sérskilmálar. Til almenningsrýma teljast m.a. götur, gangstéttar og göngustígar sem og annað land í umsjón bæjarins.</p>	<p><i>Engin breyting gerð.</i></p>
<p><b>2.2.1 Aðaluppdrættir</b></p> <p>Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í aðalatriðum. Gera skal grein fyrir útliti mannvirkja (lit og efnisvali), frágangi, sjónrænum áhrifum, landmótun og frágangi á lóðamörkum þar sem við á og fyrirkomulagi athafna- og geymslusvæða, auk bílastæða. Sýna skal skilti, merkingar og önnur mannvirki sem kunna að skipta máli fyrir fyrirkomulag og ásýnd lóða sem og svæðisins í heild. Byggingar skulu vera í samræmi við skipulagsskilmála þessa, gildandi byggingarreglugerð, útgefin mæli- og hæðarblöð og aðrar reglugerðir og staðla sem kunna að gilda hverju sinni.</p>	<p><i>Engin breyting gerð.</i></p>
<p><b>2.2.2 Mæli og hæðarblöð</b></p> <p>Gefin verða út mæli- og hæðarblöð í samræmi við deiliskipulag þetta sem sýna lóðamörk, lóðastærðir, byggingarreiti, innkeyrslur, fjölda bílastæða og kvaðir eftir því sem við á. Lóðir eru hnitsettar á mæliblöðum. Við gerð mæliblaða geta orðið minniháttar breytingar frá deiliskipulagsgögnum, t.d. hvað varðar lóðastærðir, lóðamörk og kvaðir. Endanleg hæðarsetning bygginga, lóða og gatna kemur fram á hæðarblöðum. Deiliskipulagsuppdrátt skal ekki nota sem viðmið við útmælingu lóða eða staðsetningu</p>	<p><i>Engin breyting gerð.</i></p>
<p><b>2.2.3 Starfsemi</b></p> <p>Innan deiliskipulagssvæðisins er heimil iðnaðarstarfsemi, færsla efnis til undirbúnings starfsemi fiskeldis, <del>efnisnám og haugsetning í samræmi við skilgreinda landnotkun í aðalskipulagi og ákvæði þess.</del> Í samræmi við skilgreiningu iðnaðarsvæða í skipulagsreglugerð og skilmálum aðalskipulags er gert ráð fyrir lítt mengandi iðnaðarstarfsemi sem samræmist aðliggjandi landnotkun. Íbúum Vestmannaeyja og notendum nærliggjandi svæða ætti að vera ljóst að starfseminni fylgja eðlilega umsvif s.s. vegna aukinnar umferðar auk þess sem sjónræn áhrif framkvæmdarinnar verða nokkur. Sjá nánar umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila.</p>	<p><b>2.2.3 Starfsemi</b></p> <p>Innan deiliskipulagssvæðisins er heimil iðnaðarstarfsemi, færsla efnis til undirbúnings starfsemi fiskeldis. <u>Haugsetning og efnistaka er einnig heimiluð á svæðinu þar til lóðir verða tilbúnar til uppbyggingar.</u> Í samræmi við skilgreiningu iðnaðarsvæða í skipulagsreglugerð og skilmálum aðalskipulags er gert ráð fyrir lítt mengandi iðnaðarstarfsemi sem samræmist aðliggjandi landnotkun. Íbúum Vestmannaeyja og notendum nærliggjandi svæða ætti að vera ljóst að starfseminni fylgja eðlilega umsvif s.s. vegna aukinnar umferðar auk þess sem sjónræn áhrif framkvæmdarinnar verða nokkur. Sjá nánar umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila.</p>

<b>2.2.4 Byggingarreitir og hámarkshæðir</b>	<b>2.2.4 Byggingarreitir og hámarkshæðir</b>
<p>Allir hlutar bygginga skulu vera innan byggingarreits. Hámarkshæðir húsa, og í sumum tilvikum hámarksvegg hæð, eru tilgreindar í sérskilmálum. Einstaka byggingarhlutar, s.s. tæknibúnaður, þakskegg, reyk háfar, lofttúður o.þ.h. geta farið að einhverju leyti upp eða út fyrir byggingarreit, séu sjónræn áhrif þess óveruleg. Gera skal grein slíkum frávikum á aðaluppdráttum.</p> <p>Land byggingarreita verður jafnað niður og gert er ráð fyrir að landhæð verði 4-6 m y.s. Uppgefna hámarkshæðir mannvirkja á deiliskipulagssvæðinu miðast við þá hæð.</p>	<p>Allir hlutar bygginga skulu vera innan byggingarreits. Hámarkshæðir húsa, og í sumum tilvikum hámarksvegg hæð, eru tilgreindar í sérskilmálum. Einstaka byggingarhlutar, s.s. tæknibúnaður, þakskegg, reyk háfar, lofttúður o.þ.h. geta farið að einhverju leyti upp eða út fyrir byggingarreit, séu sjónræn áhrif þess óveruleg. Gera skal grein slíkum frávikum á aðaluppdráttum.</p> <p>Land byggingarreita verður jafnað niður og <u>miðast landhæð við uppgefna landhæð á hverri lóð fyrir sig</u>. Uppgefna hámarkshæðir mannvirkja á deiliskipulagssvæðinu miðast við þá hæð.</p> <p><u>Skilmálar um gólfhæð mannvirkja og aðkoma að kjallara skulu taka mið af viðmiðum Vegagerðarinnar um lágmarks land- og gólfhæð 100 ára líftíma mannvirkja.</u></p>
<p><b>2.2.5 Hönnun og útlit mannvirkja</b></p> <p>Húsagerð og húsform er frjálst að öðru leyti en því sem skilmálar þessir kveða á um. Samræma skal útlit samtengdra bygginga t.a.m. hvað varðar þakform, hæð bygginga, efnisval, litaval, girðingar, merkingar og lóðafrágang. Gera skal grein fyrir þessum þáttum á uppdráttum til byggingarfulltrúa.</p> <p>Við hönnun mannvirkja skal huga að ásýnd og yfirbragð falli sem best að nærumhverfinu og eru settir sérskilmálar hvað varðar hæð, útlit og litaval bygginga. Krafa er gerð um að dregið verði úr sjónrænum áhrifum vegna umfangs starfseminnar m.a. með efnisvali sem taki mið af landslagi og litum í nágrenni. Þeir skilmálar eru settir að raski við framkvæmdir skuli haldið í lágmarki. Leitast sé við að staðsetning kerja taki mið af landslagi og hugað verði að sjónrænum áhrifum framkvæmdanna frá Eldfellsvegi og útsýnispalli við austurenda hans, af sjó, frá Urðarvita og ofan af Eldfelli. Til að stuðla að samræmdu heildaryfirbragði mannvirkja á svæðinu skal ytra byrði þeirra vera í litum sem tilgreindir eru á mynd 2.2. Sama gildir um lagnir ofanjarðar utanhúss. Sýnilegir steypdir veggir skulu vera í ofangreindum litum eða steinaðir með steiningu í eftirfarandi hlutföllum: svart 75%, hvítt 12,5% og grátt 12,5%.</p> <p>Frávik frá þessum litum eru háð samþykkis umhverfis- og skipulagsfulltrúa Vestmannaeyja. Gera skal grein fyrir helsta efnis- og litavali utanhúss á aðaluppdráttum.</p> <div data-bbox="212 1727 691 1827" data-label="Image"> </div> <p><i>Mynd 2.2 Ákjósanlegir litir á byggingum og mannvirkjum.</i></p>	<p><i>Engin breyting gerð.</i></p>
<b>2.2.6 Jarðefni á svæðinu</b>	<b>2.2.6 Jarðefni á svæðinu</b>
<p>Við framkvæmdir skal huga að nýtingu jarðefna og ekki skal raska meira landi í hverjum byggingaráfanga en</p>	<p>Við framkvæmdir skal huga að nýtingu jarðefna og ekki skal raska meira landi í hverjum byggingaráfanga en fyrirhugað er</p>

<p>fyrirhugað er að nýta í viðkomandi áfanga undir byggingar og athafnasvæði. Bögglaberg og annað steinefni skal fjarlæggt samkvæmt efnisvinnsluáætlun og efni sem til fellur úr skeringum skal haugsett á <del>lóð 2 sbr. efnisvinnsluáætlun fyrir þá lóð.</del></p>	<p>að nýta í viðkomandi áfanga undir byggingar og athafnasvæði. Bögglaberg og annað steinefni skal fjarlæggt samkvæmt efnisvinnsluáætlun Vestmannaeyjabæjar og efni sem til fellur úr skeringum skal haugsett á <u>óbyggðum lóðum og á jarðefnislager Vestmanneyjabæjar sem verður á iðnaðarsvæði á Eldfellshrauni sbr. efnisvinnsluáætlun.</u></p>
<p><b>2.2.7 Lóðafrágangur og umgengni</b></p>	<p><b>2.2.7 Lóðafrágangur og umgengni</b></p>
<p>Frágangur lóða skal vera í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012.</p> <p>Á lóðauppdrætti skal sýna skipulag lóðar í aðalatriðum s.s. yfirborðsfrágang og hæðarsetningu lands, stoðveggi, lýsingu, aðgengi, innkeyrslur, bílastæði, sorpgeymslur, girðingar, merkingar, kvaðir og annað það sem kann að skipta máli fyrir fyrirkomulag og ásýnd lóða sem og svæðisins í heild. Gera skal grein fyrir aðkomu sjúkrabíla, sorpbíla og slökkvibíla þar sem þess er þörf og krafist er í byggingarreglugerð.</p> <p>Útbúa þarf jarðvegsmanir meðfram aðkomuvegi til að draga úr sjónrænum áhrifum mannvirkja og starfsemi lóða á hverfisverndarsvæði Urðarvita. Sýna skal afmörkun mana og aðra landmótun á lóðauppdrætti sem lagður er inn til byggingarfulltrúa.</p> <p>Gera skal grein fyrir efnisvali og útliti girðinga, skjól- og stoðveggja innan lóðar og á lóðamörkum. Þar sem hæðarmunur er á lóðamörkum skal gengið frá stoðveggjum og girðingum þannig að ekki stafi hætta af hæðarmun. Á lóðamörkum skulu lóðarhafar hafa samráð um frágang og leita skal samþykkis aðliggjandi lóðarhafa vegna mannvirkja á lóðamörkum, óháð hæð þeirra. Sá lóðarhafi eða þeir lóðarhafar sem stofna til framkvæmda eða breytinga, skal/skulu greiða kostnað vegna frágangs á aðliggjandi lóðum. Verði ágreiningur þar um, skal hlíta úrskurði umhverfis- og skipulagsráðs og skipulags- og byggingarfulltrúa.</p> <p>Lóðarhafar skulu ganga snyrtilega frá tækjum, gámum eða öðru því sem tengist starfsemi þeirra innan lóða. Krafa er gerð um snyrtilegan frágang og góða umgengni um svæðið allt, jafnt innan lóða sem utan. Sækja skal um stöðuleyfi fyrir alla lausafjárnuni s.s. gáma, báta og hús í smíðum í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.</p> <p>Skila skal teikningum af lóðarfrágangi með byggingarnefndarteikningum. Lóðarhafa er skylt að ganga frá byggingu að utan og lóð samkvæmt skilmálum og byggingarnefndarteikningum eigi síðar en tveimur árum eftir að framkvæmdir hefjast. Lóðarhafa er skylt að ganga frá lóð í samræmi við samþykktar teikningar.</p> <p>Lóðarhafi sér sjálfur um framkvæmdir á lóð sinni og ber ábyrgð á að þær séu í samræmi við samþykktar og uppgæfnaðar hæðartölur. Fylgja ber hæðartölum sem sýndar eru á mælibleði. Ekki er heimilt að moka eða ryðja jarðvegi út fyrir lóðamörk, en efni verður losað á lóð fyrir efnislosun.</p> <p>Lóðarhafi skal girða af athafnasvæði fiskeldisins með girðingum sem tryggja öryggi vegfarenda, en tryggja jafnframt aðgengi á gönguleiðum.</p> <p>Óheimilt er að raska svæði út fyrir lóðamörk, eða mörk deiliskipulagssvæðisins nema vegna lagningar lagna meðfram vegum.</p>	<p>Frágangur lóða skal vera í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012.</p> <p>Á lóðauppdrætti skal sýna skipulag lóðar í aðalatriðum s.s. yfirborðsfrágang og hæðarsetningu lands, stoðveggi, lýsingu, aðgengi, innkeyrslur, bílastæði, sorpgeymslur, girðingar, merkingar, kvaðir og annað það sem kann að skipta máli fyrir fyrirkomulag og ásýnd lóða sem og svæðisins í heild. Gera skal grein fyrir aðkomu sjúkrabíla, sorpbíla og slökkvibíla þar sem þess er þörf og krafist er í byggingarreglugerð.</p> <p>Útbúa þarf jarðvegsmanir meðfram aðkomuvegi til að draga úr sjónrænum áhrifum mannvirkja og starfsemi lóða á hverfisverndarsvæði Urðarvita. Sýna skal afmörkun mana og aðra landmótun á lóðauppdrætti sem lagður er inn til byggingarfulltrúa.</p> <p>Gera skal grein fyrir efnisvali og útliti girðinga, skjól- og stoðveggja innan lóðar og á lóðamörkum. Þar sem hæðarmunur er á lóðamörkum skal gengið frá stoðveggjum og girðingum þannig að ekki stafi hætta af hæðarmun. Á lóðamörkum skulu lóðarhafar hafa samráð um frágang og leita skal samþykkis aðliggjandi lóðarhafa vegna mannvirkja á lóðamörkum, óháð hæð þeirra. Sá lóðarhafi eða þeir lóðarhafar sem stofna til framkvæmda eða breytinga, skal/skulu greiða kostnað vegna frágangs á aðliggjandi lóðum. Verði ágreiningur þar um, skal hlíta úrskurði umhverfis- og skipulagsráðs og skipulags- og byggingarfulltrúa.</p> <p>Lóðarhafar skulu ganga snyrtilega frá tækjum, gámum eða öðru því sem tengist starfsemi þeirra innan lóða. Krafa er gerð um snyrtilegan frágang og góða umgengni um svæðið allt, jafnt innan lóða sem utan. Sækja skal um stöðuleyfi fyrir alla lausafjárnuni s.s. gáma, báta og hús í smíðum í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.</p> <p>Skila skal teikningum af lóðarfrágangi með byggingarnefndarteikningum. Lóðarhafa er skylt að ganga frá byggingu að utan og lóð samkvæmt skilmálum og byggingarnefndarteikningum eigi síðar en tveimur árum eftir að framkvæmdir hefjast. Lóðarhafa er skylt að ganga frá lóð í samræmi við samþykktar teikningar.</p> <p>Lóðarhafi sér sjálfur um framkvæmdir á lóð sinni og ber ábyrgð á að þær séu í samræmi við samþykktar og uppgæfnaðar hæðartölur. Fylgja ber hæðartölum sem sýndar eru á mælibleði. Ekki er heimilt að moka eða ryðja jarðvegi út fyrir lóðamörk, en efni verður losað á lóð fyrir efnislosun.</p> <p>Lóðarhafi skal girða af athafnasvæði fiskeldisins með girðingum sem tryggja öryggi vegfarenda, en tryggja jafnframt aðgengi á gönguleiðum.</p> <p>Óheimilt er að raska svæði út fyrir lóðamörk, eða mörk deiliskipulagssvæðisins nema vegna lagningar lagna meðfram vegum.</p>

Gerð er krafna um að bratti skeringar á lóðarmörkum við Þorbjörn sé ekki meiri 45°. Mynd 2.3 sýnir gróflaga hve nálægt lóðarmörkum 6 metra hátt plan getur farið miðað við þá kröfu. Þetta þarf að útfæra nánar á hönnunarstigi.



Mynd 2.3 Mörk skeringar sýnd gróflaga með ljósgrænni brotalínu.

### 2.2.8 Sorpgeymslur

Á aðaluppdráttum skal sýna staðsetningu sorpgáma og/eða sorpgeymslna. Sorpgeymslur skulu vera í samræmi við þá starfsemi sem fram fer á viðkomandi lóð og fylgja ákvæðum gildandi byggingarreglugerðar og annara laga og reglugerða sem við eiga. Ganga skal á snyrtilegan hátt frá varanlegum sorpgeymslum, t.d. í ógegnisæju sorpgerði, og flokka sorp og úrgang og koma því í viðeigandi farveg til endurvinnslu. Ekki er heimilt safna saman úrgangi, afgangum eða öðru rusli sem tengist starfsemi í óvarðar hrúgur innan lóða. Koma skal í veg fyrir fok af lóðum.

Engin breyting gerð.

### 2.2.9 Geymslusvæði

Á þeim lóðum þar sem þörf er á að geyma tæki, efni eða hluti sem tengjast starfsemi á lóð til lengri og skemmri tíma skal skilgreina sérstakt geymslusvæði á lóð. Gera skal grein fyrir geymslusvæðum á aðaluppdráttum. Óheimilt er að geyma tæki, efni eða hluti sem tengjast starfsemi á lóð utan geymslusvæða. Geymslusvæði á lóð skal afmarkað með girðingu, allt að 2 m háar sem sést ekki í gegnum. Geymsla lausamuna er bönnuð utan geymslusvæða.

Engin breyting gerð.

### 2.2.10 Mengunarvarnir

Gera skal ráð fyrir mengunarvörnum í samræmi við bestu almenna starfshætti. Mengunarvarnarbúnaður skal vera innan lóðar s.s. frárennslis, síun, settjörn, tromlur, oþh. Enn fremur skal gera grein fyrir leið frárennslis frá kerri að viðtaka. Mengunarvarnir skulu vera í samræmi við starfsleyfi, gildandi byggingarreglugerð og önnur lög og reglugerðir sem taka á mengunarvörnum og hollustuháttum tengdum atvinnustarfsemi.

Engin breyting gerð.

### 2.2.11 Borholur

### 2.2.11 Borholur

<p>Svæði fyrir borholur eru beggja megin við eldiskerin. Staðsetning holanna á uppdrætti er leiðbeinandi og er ekki bundin við byggingareiti. Ofan á borholunum getur verið tilheyrandi tækjabúnaður, s.s. dælur og lokar. Gert er ráð fyrir að lagnir tengi borholur og ker, ýmist ofan jarðar eða neðan.</p>	<p>Borholur eru á svæðinu til að afla jarðsjávar. Ofan á borholunum getur verið tilheyrandi tækjabúnaður, s.s. dælur og lokar. Gert er ráð fyrir að lagnir tengi borholur og ker, ýmist ofan jarðar eða neðan.</p>
<p><b>2.2.12 Meðferð úrgangs</b></p> <p>Úrgangur úr starfsemi samanstendur af fiskmykju, dauðum fiski frá eldi, slóg og öðrum fiskúrgangi frá slátrun, blóðvatni, vinnsluvatni og öðru frárennsli. Frárennsli skal uppfylla viðmið sem gilda fyrir hreinsun eldisvatns samkvæmt leiðbeiningum frá Umhverfisstofnun um hreinsun fiskeldis á landi. Slóg og annan fiskúrgangur frá slátrun skal flytja í lokuðu kerfi í slógtanka. Ekki skal vera lyktarmengun af meðhöndlun úrgangsins.</p> <p>Í eldiskerjum eru fódurleifar og úrgangsefni síuð frá með tromlufilter. Í hverju kari verður einnig dauðfiskagildra og verður dauðfiskur hreinsaður a.m.k. einu sinni á sólarhring. Úrgangur frá tromlusium verður fluttur í mykjutank innan framkvæmdasvæðisins. Straumur frá tromlufilterum hefur hátt innihald fastefna. Hann fer í hreinsistöð og þaðan í mykjutank. Vinnsluvatn frá fisktönkum er 75% hreinsað í kerjunum, sá sjór fer í forhreinun í hreinsistöð. Frá hreinsistöð fara straumarnir í fortjörn viðtakatjarnar, þar sem agnir í straumnum setjast. Aukavalkostur er losun til sjávar. Verður fráveituvatni frá eldiskerjum þá veitt til sjávar um stökk sem endar í varnargarði neðan við eldisstöðina. Þaðan rennur eldisvatnið til sjávar.</p> <p>Blóðvatni skal haldið aðskildu frá öðru frárennsli og fast efni skilið frá í skilvindu og leitt í slógtanka. Skiljuvatn er sótthreinsað og leitt í fitugildrur áður en því er veitt í viðtakatjörn ásamt öðru vinnsluvatni.</p> <p>Skólp frá starfsmannaaðstöðu verður hagað í samræmi við gildandi reglugerðir og í samræmi við kröfur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Rekstraraðili skal uppfylla kröfur í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp. Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu skal vera aðskilið frá fráveitu eldisins.</p> <p>Tryggja skal að úrgangur dragi ekki að sér fugla í ætisleit.</p>	<p><b>2.2.12 Meðferð úrgangs</b></p> <p>Frárennsli skal uppfylla viðmið sem gilda fyrir hreinsun eldisvatns samkvæmt leiðbeiningum frá Umhverfis- og orkustofnun um hreinsun fiskeldis á landi.</p> <p>Slóg og annan fiskúrgangur frá slátrun skal flytja í lokuðu kerfi í slógtanka. Ekki skal vera lyktarmengun af meðhöndlun úrgangsins.</p> <p>Skólp frá starfsmannaaðstöðu verður hagað í samræmi við gildandi reglugerðir og í samræmi við kröfur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Rekstraraðili skal uppfylla kröfur í reglugerð nr. 1450/2025, um fráveitur og skólp. Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu skal vera aðskilið frá fráveitu eldisins.</p> <p>Tryggja skal að úrgangur dragi ekki að sér fugla í ætisleit. <u>Neðangreind lýsing á meðferð úrgangs frá landeldi er í samræmi við umfjöllun í umhverfismati stækkunar landeldisstöðvarinnar í 42.000 tonna eldi á ári. Alltaf er miðað við að rekstur uppfylli kröfur reglugerða, en framþróun getur leitt til þess að breytingar verði á tilhögun meðhöndlunar úrgangs sem hér er lýst.</u></p> <p><u>Úrgangsefni sem myndast eru annars vegar fódurleifar og hins vegar úrgangur frá fiskinum (seyra).</u></p> <p><u>Í eldiskerjum eru fódurleifar og úrgangsefni síuð frá. Úrgangur er að mestu hreinsaður í hreinsistöð og þurrkaður. Dauðir eldisfiskar verða fjarlægðir úr kerum.</u></p> <p><u>Blóðvatni skal haldið aðskildu frá öðru frárennsli og fast efni skilið frá í skilvindu og leitt í slógtanka. Skiljuvatn og vinnsluvatn er dauðhreinsað og leitt í fitugildu áður en það er að lokum leitt í viðtaka.</u></p> <p><u>Fráveituvatn frá eldiskerjum verður veitt til sjávar um svokallaðan hamarshaus, sem er stökkur sem endar í brimvarnargarði. Straumar í viðtaka eru afar sterkir og því telur framkvæmdaraðili að þessi aðferð samræmist einnig leiðbeiningum UST um fráveituhreinsun frá fiskeldi, enda verður hreinsun fastefnis um 75% úr fráveituvatni frá eldiskerjum. Hamarshausinn er festur niður inn í brimvarnargarði. Fiskigildru verður komið fyrir í fráveitulausninni sem kemur til með að grófsía fráveituna og koma í veg fyrir að óæskilegir hlutir eða lifandi fiskur berist frá fiskeldinu til sjávar. Fyrirhuguð stækkun kallar á stækkun á fráveitukerfis og er gert ráð fyrir tveimur hamarshausum.</u></p>
<p><b>2.2.13 Kvæð um aðkomu</b></p> <p>Aðkomuvegur fyrir iðnaðarsvæðið mun einnig nýtast umferð vegfarendum að aðliggjandi akstursípróttasvæði, útivistarsvæði og að Urðarvíta. Ekki er heimilt að hamlar för akandi, gangandi eða hjólandi vegfarendum t.a.m. með faratækjum, vinnutækjum, gámum eða öðru sambærilegu. Ekki er heimils að reisa stoðveggi, girðingar eða skilti innan aðkomusvæðis sem hamlar för vegfarenda að frístundasvæði, gönguleiðum og öðrum útivistarsvæðum.</p>	<p><i>Kafla 2.1.13 er felldur út.</i></p>

<p><b>2.2.14 Lýsing, skilti og merkingar</b></p> <p>Á húshliðum er heimilt að koma fyrir skiltum eða merkingum sem tengjast starfsemi á svæðinu. Stærð skilta og merkinga skal vera hófleg og skulu ekki fara upp fyrir mænishæð bygginga. Heimilt er að lýsa upp skilti en óheimilt er að nota ljósa- eða neonskilti. Ljósaborðar og aðrar ljós skreytingar á byggingum eru óheimilar nema á aðventu og um jól.</p> <p>Á svæðinu skulu allir ljósgjafar utanhúss vera glýjufrír og vera þannig skermaðir að ljósdreifing frá þeim beinist niður. Þó er leyfilegt að hafa flóðlýsingu sem vinnulýsingu, en tryggja skal að ekki verði kveikt á flóðlýsingu að óþörfu og hún ekki skilin eftir að kvöldi og nóttu til. Einnig skal hugað að því að skerma lýsingu innanhúss og ljós frá fiskikörum.</p> <p>Stærð merkinga skal vera í hófi og skal bera stærð og gerð merkinga undir byggingarfulltrúa. Breytingar á merkingum og skiltum skal bera undir byggingarfulltrúa og skal skriflegt leyfi byggingarfulltrúa liggja fyrir áður en breytingar koma til framkvæmda.</p> <p>Óheimilt er að beina ljóskösturum til hafs vegna hættu á að ljósmerki frá Urðavita truflist.</p>	<p><b>2.2.13 Lýsing, skilti og merkingar</b></p> <p><i>Kaflanúmer breytist, en engin önnur breyting.</i></p>
<p><b>2.2.15 Stoðveggir</b></p> <p>Gera skal grein fyrir efnisvali og útliti girðinga, skjól- og stoðveggja innan lóðar og á lóðamörkum. Þar sem gera þarf ráð fyrir lóðar- og stoðveggjum skulu þeir staðsettir og hannaðir með byggingunni og þess gætt að þeir falli vel að byggingu og lóð. Lóðar- og stoðveggir skulu byggðir um leið og önnur uppbygging á svæðinu og koma fram á aðal- og séruppdráttum.</p>	<p><b>2.2.14 Stoðveggir</b></p> <p><i>Kaflanúmer breytist, en engin önnur breyting.</i></p>
<p><b>2.2.16 Girðingar</b></p> <p>Girðingar skulu vera í samræmi við ákvæði gildandi byggingarreglugerðar og skipulagsskilmála þessa. Vanda skal allan frágang á girðingum og veggjum jafnt innan lóða sem utan. Framkvæmdaraðili skal gera grein fyrir hönnun girðinga í byggingarleyfisumsókn.</p> <p>Á lóðamörkum skulu lóðarhafar hafa samráð um frágang og leita skal samþykkis aðliggjandi lóðarhafa vegna skjólveggja og/eða girðinga á lóðamörkum, óháð hæð þeirra. Niðurstaða þessa samráðs skal vera skrifleg, árituð af hagsmunaaðilum og liggja fyrir við umsókn um byggingarleyfi. Sá lóðarhafi eða þeir lóðarhafar sem stofna til framkvæmda eða breytinga sem hafa áhrif á frágang á lóðamörkum, skal/skulu greiða kostnað vegna frágangs á aðliggjandi lóðum. Verði ágreiningur þar um, skal hlíta úrskurði byggingarnefndar og/eða skipulags- eða byggingarfulltrúa.</p>	<p><b>2.2.15 Girðingar</b></p> <p><i>Kaflanúmer breytist, en engin önnur breyting.</i></p>
<p><b>2.2.17 Brimvarnir</b></p> <p>Á uppdrætti er sýnd leiðbeinandi staðsetning brimvarnargarðs sem ætlað er að mynda skjól fyrir ágangi sjávar, s.s. grjótkasti á stöðina. Grjótgarður hefur myndast meðfram strandlínu Viðlagafjöru sem myndar náttúrulega brimvörn, en fyrirhugað er að bæta í grjótgarðinn frá fjörunni. <del>Ætlað er að 6.000 m<sup>3</sup> efnis verðar færðir til innan og við garðinn og aðflutt efnis verður 8.000 m<sup>3</sup>. Brimvarnargarðurinn verður innan lóðar 1 og er kvöð um opið aðgengi almennings á gönguleið meðfram fjörunni og á brimvarnargarði. Girðing sem afmarkar lóð fiskeldisins skal vera staðsett innan brimvarnargarðs.</del></p>	<p><b>2.2.16 Brimvarnir</b></p> <p>Á uppdrætti er sýnd leiðbeinandi staðsetning brimvarnargarðs sem ætlað er að mynda skjól fyrir ágangi sjávar, s.s. grjótkasti á stöðina. Grjótgarður hefur myndast meðfram strandlínu Viðlagafjöru sem myndar náttúrulega brimvörn, en fyrirhugað er að bæta í grjótgarðinn frá fjörunni. Brimvarnargarðurinn er innan lóðar 1 og er kvöð um opið aðgengi almennings á gönguleið meðfram fjörunni og á brimvarnargarði. Girðing sem afmarkar lóð fiskeldisins skal vera staðsett innan brimvarnargarðs.</p>

<p><b>2.2.18 Veitur</b> Vatnslagnir fyrir neysluvatn og háspennulagnir verða lagðar að svæðinu meðfram vegum. Á norðurhluta svæðisins verður byggð dreifistöð í eigu fiskeldisins. Staðsetning hennar verður innan lóðar 1.</p>	<p><b>2.2.17 Veitur</b> <i>Kaflanúmer breytist, en engin önnur breyting.</i></p>
<p><b>2.2.19 Aðkoma, bílastæði og gönguleiðir</b></p> <p>Gert er ráð fyrir endurbættum aðkomuvegi um vestanvert deiliskipulagssvæðið frá Eldfellsvegi. Endurbætur geta falið í sér t.d. uppbyggingu, skeringar og slitlag. Vegurinn skal í meginatriðum fylgja núverandi vegarslóða. Meðfram veginum verður göngu- og hjólastígur en hvorum megin við veginn hann mun liggja ræðst af kringumstæðum og á hönnunarstigi, með það að markmiði að fella bæði stíg og veg sem best að landslagi.</p> <p>Á aðaluppdráttum skal gera grein fyrir innkeyrslu/aðkomu inn á lóðir.</p> <p>Bílastæði fyrir starfsfólk og viðskiptavinum skulu vera innan lóða og gera skal grein fyrir þeim á aðaluppdráttum. Fjöldi bílastæða skal vera í samræmi við starfsemi innan lóðar. Óheimilt er að leggja bifreiðum eða vinnutækjum utan lóða til skemmri eða lengri tíma. Fjöldi bílastæða fyrir hreyfihamlaða skal vera í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar og skulu vera sérmerkt.</p> <p>Aðalinngangur skal aðgreindur og tryggja skal gönguleiðir án hindrana að aðalinngöngum.</p> <p>Aðgengi gangandi skal tryggt frá Urðarvita að Viðlagafjöru og meðfram grjótnargarði.</p>	<p><b>2.2.18 Aðkoma, bílastæði og gönguleiðir</b></p> <p><u>Aðalaðkoma að starfsemi í Viðlagafjöru er um aðkomuveg að sunnan við Urðarvita.</u> Meðfram vegum að svæðinu verða göngu- og hjólastígar sem skilgreindir eru á uppdrætti. Hvorum megin við veginna stígar muni liggja ræðst af kringumstæðum og á hönnunarstigi, með það að markmiði að fella bæði stíga og vegi sem best að landslagi.</p> <p>Á aðaluppdráttum skal gera grein fyrir innkeyrslu/aðkomu inn á lóðir.</p> <p><u>Aðalaðkoma að starfsemi á lóð 3 að norðanverðu er um aðkomuveg þar.</u></p> <p><u>Það er heimilt að hafa hlið til að stýra aðgangi inn á iðnaðarsvæðið bæði að norðanverðu og sunnanverðu og er leiðbeinandi staðsetning fyrir hlið sýnd á uppdrætti.</u></p> <p><u>Innan svæðis er kvöð um akstursleiðir innan lóða til að komast milli þeirra.</u></p> <p>Bílastæði fyrir starfsfólk og viðskiptavinum skulu vera innan lóða og gera skal grein fyrir þeim á aðaluppdráttum. Fjöldi bílastæða skal vera í samræmi við starfsemi innan lóðar. Óheimilt er að leggja bifreiðum eða vinnutækjum utan lóða til skemmri eða lengri tíma. Fjöldi bílastæða fyrir hreyfihamlaða skal vera í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar og skulu vera sérmerkt.</p> <p>Aðalinngangur skal aðgreindur og tryggja skal gönguleiðir án hindrana að aðalinngöngum.</p> <p>Aðgengi gangandi skal tryggt frá Urðarvita að Viðlagafjöru og meðfram grjótnargarði.</p>
<p><b>2.2.20 Minjar</b> Innan deiliskipulagssvæðisins eru engar þekktar fornminjar. Minjastofnun telur ekki þörf á að skrá fornleifar vegna framkvæmdarinnar. Finnist minjar eða merki um minjar á framkvæmdatíma skal stöðva framkvæmdir samstundis og tilkynna Minjastofnun um fundinn sbr. lög um menningarminjar nr. 80/2010.</p>	<p><b>2.2.19 Minjar</b> <i>Kaflanúmer breytist, en engin önnur breyting.</i></p>
<p><b>2.2.21 Kvaðir</b> Á lóðablaði skulu sýndar kvaðir um sameiginlega aðkomu. Taka skal tillit til annarra vegfarenda við þungaflutninga. Staðsetningu veitulagna skulu sýndar á lóðablaði og huga skal að greiðri aðkomu vegna viðhalds.</p>	<p><b>2.2.20 Kvaðir</b> <i>Kaflanúmer breytist, en engin önnur breyting.</i></p>

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á kafla 2.3. Viðlagafjara 1 - sérskilmálar.

GREINARGERÐ FYRIR BREYTINGU	BREYTTIR SKILMÁLAR
<p><b>2.3.1 Byggingarreitur B-1</b></p> <p>Á reitnum er heimilt að byggja <del>stöðvarhús eða</del> aðrar nauðsynlegar þjónustubyggingar vegna rekstursins, fóðursíló og tanka fyrir fiskmykju. Hámarkshæð þessara mannvirkja er 9 metrar yfir gólfkóta en veggshæð húsa skal vera undir 5 metrum. <del>Gólfplötur húsa getur verið allt að 3.300 m<sup>2</sup>.</del></p> <p>Mikilvægt er að hliðar húsa verði ekki einsleitar og því skal brjóta upp hliðar sem eru lengri en 50 m með lóðréttu uppbroti í húsvegg að minnsta kosti 2 m. Í tilfellum þar sem hlið húss er lengri en 30 m skal litanotkun tryggja sjónrænt uppbrót veggplata t.d. með lit eða efnisvali. Huga skal sérstaklega að ásýnd hliðar sem snýr að innsiglingu og leitast við að draga úr ásýnd þeirrar húshliðar. <del>Þakhalli skal vera að minnska kosti 10 gráður.</del></p>	<p><b>2.3.1 Byggingarreitur B-1</b></p> <p>Á reitnum er heimilt að byggja <u>sláturhús og</u> aðrar nauðsynlegar þjónustubyggingar vegna rekstursins, <u>s.s. ísverksmiðju, fóðursíló og tanka fyrir fiskmykju.</u> Hámarks veggshæð þessara mannvirkja er 10 m og hámarkshæð bygginga er <u>17 metrar yfir gólfkóta. Stærð bygginga innan byggingarreits getur verið samtals allt að 12.000 m<sup>2</sup>.</u></p> <p>Mikilvægt er að hliðar húsa verði ekki einsleitar og því skal brjóta upp hliðar sem eru lengri en 50 m með lóðréttu uppbroti í húsvegg að minnsta kosti 2 m. Í tilfellum þar sem hlið húss er lengri en 30 m skal litanotkun tryggja sjónrænt uppbrót veggplata t.d. með lit eða efnisvali. Huga skal sérstaklega að ásýnd hliðar sem snýr að innsiglingu og leitast við að draga úr ásýnd þeirrar húshliðar.</p> <p><u>Mannvirki og lýsing innan byggingarreits skulu ekki hafa neikvæð áhrif á siglingaöryggi né skyggja á leiðarmerki frá sjó. Við hönnun og framkvæmd skal tekið mið af ákvæðum laga nr. 132/1999 um vitamál. Lóðarhafi skal leggja fyrir Vegagerðina mat á áhrifum uppbyggingar á leiðarmerki Urðarvita og skal umsögn Vegagerðarinnar fylgja með umsókn um byggingarleyfi. Byggingarleyfi verður ekki gefið út nema að viðunandi lausn liggja fyrir og siglingaöryggi sé tryggt.</u></p>
<p><b>2.3.2 Byggingarreitur B-2</b></p> <p>Á reitnum er heimilt að byggja <del>ker</del> fyrir fiskeldi og annan tengdan búnað eða mannvirki fyrir framleiðslu tengda nýtingu afleiddra afurða fiskeldisins s.s. vatns og lífrænna leifa. Á reitnum er einnig gert ráð fyrir skýlis byggingum milli <del>tankanna</del> eða hlið þeirra sem hýsa tækjabúnað s.s. <del>ísværsmiðju, varmadælur, fóðurtanka, vatnshreinsibúnað og annan búnað sem tilheyrir starfsemi fiskeldistankanna.</del></p> <p>Hámarkshæð bygginga, kerja og annarra mannvirkja er 9 m frá yfirborði lóðar. <del>Þó er heimilt að láta lok á kerjum og þök skýlishúsa ná allt að 15 metra hæð frá yfirborði lóðar.</del></p> <p>Hámarksflatarmál skýlisbygginga á reiknum samtals er <del>7.200 m<sup>2</sup>.</del></p> <p>Hámarksflatarmál kerja á reiknum samtals er <del>23.000 m<sup>2</sup>.</del></p> <p>Hámarkshæð lóðar yfir meðalsjavarstöðu er <del>6 m.</del></p>	<p><b>2.3.2 Byggingarreitur B-2</b></p> <p>Á reitnum er heimilt að byggja <u>eldisker</u> fyrir fiskeldi og annan tengdan búnað eða mannvirki fyrir framleiðslu tengda nýtingu afleiddra afurða fiskeldisins s.s. vatns og lífrænna leifa. Á reitnum er einnig gert ráð fyrir skýlisbyggingum milli <u>kerja</u> eða hlið þeirra sem hýsa tækjabúnað s.s. <u>varmadælur, fóðurtanka, vatnshreinsibúnað og annan búnað sem tilheyrir starfsemi fiskeldisins.</u></p> <p><u>Á reitnum er gert ráð fyrir allt að 32 kerjum.</u> Hámarkshæð bygginga, kerja og annarra mannvirkja er <u>15 m</u> yfir gólfkóta. <u>Stærð bygginga innan byggingarreits getur verið samtals allt að 47.000 m<sup>2</sup>.</u></p> <p><u>Mannvirki og lýsing innan byggingarreits skulu ekki hafa neikvæð áhrif á siglingaöryggi né skyggja á leiðarmerki frá sjó. Við hönnun og framkvæmd skal tekið mið af ákvæðum laga nr. 132/1999 um vitamál. Lóðarhafi skal leggja fyrir Vegagerðina mat á áhrifum uppbyggingar á leiðarmerki Urðarvita og skal umsögn Vegagerðarinnar fylgja með umsókn um byggingarleyfi. Byggingarleyfi verður ekki gefið út nema að viðunandi lausn liggja fyrir og siglingaöryggi sé tryggt.</u></p>
	<p><b>2.3.3 Byggingarreitur B-3 – Skrifstofur</b></p> <p>Á byggingarreitnum er heimilt að byggja skrifstofur eða aðrar þjónustubyggingar vegna starfseminnar. Hámarks veggshæð bygginga er 5 m og hámarkshæð bygginga er 9 m yfir gólfkóta. Stærð bygginga innan byggingarreits getur verið samtals allt að 12.000 m<sup>2</sup>. <u>Mannvirki og lýsing innan byggingarreits skulu ekki hafa neikvæð áhrif á siglingaöryggi. Byggingarreitur liggur þannig í landi að mannvirki á byggingarreit munu ekki skyggja á leiðarmerki frá sjó.</u></p>

Nýr kafli 2.4. Viðlagafjara 2 - sérskilmálar.

	BREYTTIR SKILMÁLAR
	<b>2.4.1 Byggingarreitur B-4</b>
	<p>Á byggingarreitnum er heimilt að byggja byggingu fyrir hrognaframleiðslu og ker fyrir fiskeldi. Hámarks veggshæð bygginga er 5 m og hámarkshæð bygginga er 9 m yfir gólfkóta. Hámarkshæð kerja er 15 m frá yfirborði lóðar. Stærð bygginga innan byggingarreits geta verið samtals allt að 25.000 m<sup>2</sup>.</p> <p><u>Mannvirki og lýsing innan byggingarreits skulu ekki hafa neikvæð áhrif á siglingaöryggi. Byggingarreitur liggur þannig í landi að mannvirki á byggingarreit munu ekki skyggja á leiðarmerki frá sjó.</u></p>

Nýr kafli 2.5. Viðlagafjara 3 - sérskilmálar.

	GREINARGERÐ EFTIR BREYTINGU
	<b>2.5.1 Byggingarreitur B-5</b>
	<p>Á byggingarreitnum er heimilaðar byggingar tengdar fiskeldi/seiðaeldi. Hámarkshæð þessara mannvirkja er 10 m yfir gólfkóta. Stærð bygginga innan byggingarreits geta verið samtals allt að 15.000 m<sup>2</sup>.</p> <p>Mikilvægt er að hliðar húsa verði ekki einsleitir og því skal brjóta upp hliðar sem eru lengri en 50 m með lóðréttu uppbroti í húsvegg að minnsta kosti 2 m. Í tilfellum þar sem hlið húss er lengri en 30 m skal litanotkun tryggja sjónrænt uppbrót veggplata t.d. með lit eða efnisvali. Huga skal sérstaklega að ásýnd hliðar sem snýr að aðkomuvegi þar sem engin jarðvegsmön er og leitast við að draga úr ásýnd þeirrar húshliðar.</p> <p><u>Mannvirki og lýsing innan byggingarreits skulu ekki hafa neikvæð áhrif á siglingaöryggi. Byggingarreitur liggur þannig í landi að mannvirki á byggingarreit munu ekki skyggja á leiðarmerki frá sjó.</u></p>

Að öðru leyti gilda skilmálar deiliskipulagsins með síðari breytingum.

## 4 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Deiliskipulagið fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Meta skal líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfar, eftir því sem við á. Matinu er ætlað að upplýsa um möguleg áhrif af stefnu skipulagsins og finna leiðir til að draga úr mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum. Umhverfisáhrif geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg/engin eða óviss.

Samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana fellur framkvæmdin undir tl. nr. 13.01 í 1. viðauka laganna, þar segir: „Allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir sem skilgreindar eru í flokki A þegar breytingin eða viðbótin sjálf fer yfir þau viðmið sem flokkur A setur“.

Deiliskipulagsbreyting verður í samræmi við stefnu í breyttu aðalskipulagi. Stefna deiliskipulagsbreytingarinnar verður metin út frá þáttum í töflu 1:

**TAFLA 1.** Umhverfispættir, viðmið og matsspurningar.

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSPURNINGAR
<b>Ásýnd og landslag</b> <i>Landslag.</i> <i>Ósnortið/náttúrulegt yfirbragð.</i> <i>Jarðmyndanir.</i> <i>Jarðminjar, jarðefni, jarðvegur.</i> <i>Ásýnd og sjónræn áhrif.</i>	Landsskipulagsstefna 2024-2038 Aðalskipulag Vestmanneyja 2015 – 2035 Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, áhersla á 61. gr.	Hefur stefnan áhrif á landslag og ósnortið/náttúrulegt yfirbragð svæðisins? Hefur stefnan áhrif á jarðmyndanir? Stuðlar stefnan að vernd á eldhraunum? Hefur stefnan áhrif á framboð af jarðefni til framkvæmda? Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðis?
<b>Heilbrigði</b> <i>Mengun.</i>	Landsskipulagsstefna 2024-2038 Aðalskipulag Vestmanneyja 2015 – 2035	Er hætta á mengun vegna stefnu skipulagsins? Stendur stefnan vörð um vatnsgæði?
<b>Samfélag.</b> <i>Atvinnulíf.</i>	Landsskipulagsstefna 2024-2038 Aðalskipulag Vestmanneyja 2015 – 2035	Hefur stefnan áhrif á atvinnutækifæri? Mætir stefnan áætluðum húsnæðisþörfum atvinnulífsins? Er stefna sett um markvissa uppbyggingu ferðamannastaða og varðveitir stefnan þau gæði sem eru undirstaða ferðaþjónustu?
<b>Náttúruminjar</b> <i>Friðlýst svæði eða svæði á náttúruminjaskrá.</i> <i>Hverfisvernd.</i>	Aðalskipulag Vestmanneyja 2015 – 2035 Náttúruminjaskrá	Hefur stefnan áhrif á verndarsvæði?

#### 4.1 Umhverfismat á áhrifum deiliskipulagsbreytingar

Þessi texti er samhljóða tillögu að breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi. Matið hefur verið uppfært eftir kynningu vinnslutillögu með hliðsjón af upplýsingum úr kynningarferli vinnslutillögu og gögnum úr umhverfismati framkvæmdarinnar.

**Áhrif á ásýnd og landslag eru metin óveruleg.** Breytingin felur í sér stækkun iðnaðarsvæðis yfir svæði sem er að mestu leyti raskað efnistökusvæði. Stækkun til norðurs fer að hluta á svæði sem liggur hærra en aðal athafnasvæði iðnaðarsvæðisins. Þar hefur minni efnistaka átt sér stað en yfirborð lands að hluta raskað og hefur að hluta verið notað sem frágætt svæði fyrir jarðefni. Uppbygging á þessu svæði mun því hafa áhrif á ásýnd og landslag, einkum vegna nýrra mannvirkja og aukins umfangs iðnaðarsvæðis. Gæta þarf að ásýndaráhrifum uppbyggingar á nýju svæði frá nálægum útsýnisstöðum, þar með talið af áningarstöðum við Eldfellsveg, aðkomu að Urðarvita og frá toppi Eldfells. Til að minnka ásýndaráhrif frá áningarstöðum við Eldfellsveg er gert ráð fyrir að nýta hraunlandslag og bæta þar við jarðvegsmön og er skilmálum um það bætt við óbyggt svæði ÓB3. Í deiliskipulagi er jafnframt unnið með núverandi ákvæði í aðalskipulagi fyrir iðnaðarsvæði I3 um að vanda skuli „frágang og umgengni á svæðinu, framkvæmdir lagaðar að staðháttum eftir því sem við verður komið og stefnt að því að sjónrænum áhrifum framkvæmdanna verði haldið í lágmarki með hliðsjón af nærliggjandi landnotkun, þ.e. nálægð við hverfisverndarsvæði, svæði á náttúruminjaskrá og íþróttasvæði og Urðarvita.“

Að teknu tilliti til þess að um er að ræða stækkun á þegar röskuðu iðnaðarsvæði, ásamt fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum og skilmálum í aðal- og deiliskipulagi um að halda sjónrænum áhrifum í lágmarki eru áhrif á ásýnd og landslag vegna þessa metin óveruleg.

**Áhrif á heilbrigði eru metin óveruleg.** Aukið umfang fiskeldisstarfsemi mun leiða til aukinnar vatnsnotkunar, aukinnar nýtingar jarðsjávar og aukinnar losunar fráveituvatns. Í umhverfismati stækkunar stöðvarinnar er fjallað ítarlega um áhrif fyrirhugaðrar vinnsluaukningar Laxeyjar á grunnvatnshlot, einkum vegna aukinnar nýtingar jarðsjávar.

Niðurstöður líkanreikninga benda til þess að vinnsluaukningin muni valda svæðisbundnum niðurdrætti á grunnvatnsstöðu á takmörkuðu svæði milli vinnslusvæðisins og Helgafells, auk staðbundinna seltubreytinga. Samkvæmt niðurstöðum umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila eru þessi áhrif að mestu bundin við grunnvatnshlotið Eldfell, talin afturkræf og ekki líkleg til að hafa áhrif á aðra notendur vatns. Á þeim forsendum eru áhrifin metin óverulega neikvæð í umhverfismati framkvæmdarinnar. Um frekari umfjöllun um vatnstöku, vatnskerfi, vatnsnýtingu og áhrif á vatnshlot er vísað til umhverfismats framkvæmdarinnar.

Umfjöllun um fráveitu er einnig að finna í umhverfismati framkvæmdarinnar. Þar kemur fram að fráveituvatni frá eldiskerjum verði veitt til sjávar um svokallaðan hamarshaus, sem er stokkur sem endar í brimvarnargarði. Straumar í viðtaka eru afar sterkir og því telur framkvæmdaraðili að fyrirhuguð fráveitulausn samræmist leiðbeiningum UST um fráveituhreinsun frá fiskeldi, enda verður hreinsun fastefnis um 75% úr fráveituvatni frá eldiskerjum.

Fyrirhuguð stækkun kallar á stækkun á fráveitukerfi. Tvær lausnir eru til skoðunar, annars vegar að bæta við nýjum sambærilegum hamarshaus og hins vegar að stækka og endurbyggja núverandi hamarshaus þannig að hann anni fráveitustræmi stöðvarinnar. Áhrif aukinnar fráveitu á strandssjávarhlotið Dyrhólaey eru metin óverulega neikvæð í umhverfismati framkvæmdarinnar, að teknu tilliti til hreinsunar, aðstæðna í viðtaka og fyrirhugaðrar vöktunar.

Áhrif á heilbrigði eru metin óveruleg.

**Áhrif á samfélag eru metin jákvæð.** Skipulagsbreytingin styður við atvinnuuppbyggingu og fjölgun starfa í Vestmannaeyjum. Fiskeldisfyrirtækið Laxey er í vexti og breytingin er til að mæta áætluðum húsnæðisþörfum þess og þörf fyrir svæði til athafna. Afmörkun iðnaðarsvæðisins til norðurs tekur mið af jarðmyndunum, hólum og strýtum, og þess að pláss sé innan óbyggðs svæðis til að móta þar manir til að draga úr ásýndaráhrifum. Til að móta svæðið undir stækkun eldisstöðvar og tengda starfsemi þarf að flytja jarðefni sem nú þegar er til staðar á svæðinu og það efni sem fellur til við framkvæmdirnar. Vestmannaeyjabær tekur á móti og haugsetur það efni sem til fellur og ekki er hægt að haugsetja innan lóða. Þegar uppbyggingu verður lokið verða möguleikar til efnistöku í Viðlagafjöru að óbreyttu úr sögunni og því þarf að afla efnis á öðrum stöðum á eyjunni. Neikvæð áhrif gætu orðið af því en nokkur óvissa til staðar um hvort framboð á öðrum stöðum getur annað eftirspurn. Uppbyggingu mun fylgja aukin þungaumferð og mest verður umferðin frá framkvæmdarsvæðinu og beinustu leið niður til hafnar.

Í heild eru áhrif skipulagsbreytingarinnar á samfélag metin jákvæð, þar sem hún styrkir innviði og atvinnulíf og áhrif á ferðamannasvæði eru lágþörkuð.

**Áhrif á náttúruminjar eru metin óveruleg.** Skipulagssvæðið er innan svæðis á náttúruminjasrá en á því hafa verið afmörkuð hverfisvernduð svæði þar sem sveitarfélagið metur að sérstaða svæðisins sé mest. Engin uppbygging er áformuð innan hverfisverndaðs svæðis. Náttúruminjar innan

deiliskipulagssvæðisins sem verða fyrir raski vegna skipulagsbreytingarinnar eru samkvæmt umhverfismati framkvæmdarinnar að mestu leyti þegar raskaðar og með takmarkað verndargildi. Um er að ræða jarðmyndanir innan eldhrauns sem hefur orðið fyrir verulegu raski vegna fyrri efnistöku og annarrar starfsemi. Þrátt fyrir að eldhraun njóti verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd er talið að fyrirhuguð stækkun athafnasvæðis landeldisins leiði ekki til verulegrar röskunar á verndargildi jarðmyndana í heild, enda er raskið takmarkað að umfangi og bundið við svæði sem þegar hefur verið raskað.

Áhrif á náttúruminjar eru metin óveruleg, þar sem að mest er um að ræða stækkun á athafnasvæði landeldisins á þegar röskuðu svæði sem stóð til að raska frekar með efnistöku.

### **Niðurstaða umhverfismats**

Skipulagsbreytingin í Viðlagafjöru felur í sér stækkun iðnaðarsvæðis á svæði sem mestu hefur verið raskað áður. Breytingin styður við atvinnuuppbyggingu og fellur að stefnu aðalskipulags og landsskipulags. Áhrif á ásýnd og náttúruminjar eru metin óveruleg, að teknu tilliti til mótvægisáðgerða með mönum til að draga úr ásýndaráhrifum. Samfélagsleg áhrif eru jákvæð og breytingin talin samræmast markmiðum um sjálfbæra þróun og vernd náttúruauðlinda. Óvissa er um áhrif á framboð jarðefna.

## 5 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ


Skipulagsbreytingin verður kynnt og auglýst í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Á kynningartíma er almenningi og umsagnaraðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir við framlagða tillögu, og skila þeim með rafrænum hætti í [skipulagsgatt.is](http://skipulagsgatt.is).

Í skipulagsferlinu er sérstaklega óskað eftir umsögnum frá eftirfarandi stofnunum og aðilum:

- Fiskistofa
- Hafrannsóknarstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- HS Veitur
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Náttúrustofa Suðurlands
- Náttúruverndarstofnun Íslands
- Minjastofnun Íslands
- Umhverfis- og orkustofnun
- Skipulagsstofnun
- Slökkvilið Vestmanneyja
- Veðurstofan
- Vegagerðin

### 5.1 Skipulagsferlið

Eftirfarandi eru drög að skipulagsferlinu ásamt tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar:



### 5.2 Breytingar eftir auglýsingu

Texti lagfærður um göngu- og hjólastíg í kafla 2.2.18. Á uppdrætti er bætt við gönguleiðum meðfram aðkomuvegum að áningarstöðum og að Urðarvita.

Texta um fráveitu og skólþ breytt í kafla 2.2.13 þar sem ný reglugerð hefur tekið gildi.

Texta bætt við skilmála fyrir byggingarreiti að mannvirki og lýsing skuli ekki hafa neikvæð áhrif á siglingaröryggi.